

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á ÓLAFSVÍK

Dagsetning	13. október 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Þorsteinn Bergþórsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 55,630 V23 15,434
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Ólafsvík, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Olíuskilja var síðast þjónustuð í september sl.

Allir þrír geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist hann standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 28/10/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

